

2.bekkur stærðfræði kennsluáætlun 2019-2020

Kennarar: Elín Björg Jónsdóttir; Inga Bryndís Ingvarsdóttir

2

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

- Þekkja tölurnar frá 0-50
- öðlast þekkingu á samlagningu og frádrætti
- að telja og flokka og geri sér grein fyrir lengd og þyngd og kynnist ýmsum formum.
- Kynnist fjölbreyttum mæliaðferðum
- Þekkir tug og einingar
- þekki hugtök sem lýsa tíma t.d mánuðir, árstíðir og vikudagar
- geri sér grein fyrir hálfum og heilum tíma á klukku

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Sproti 2A og 2B nemendabók og æfingahefti. Numicon stærðfræðigögn, talnagrindur, ýmiskonar kubbar, spil, námsleikir af mms.is krakkasíður. Osmo

Kennsluáðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Lögð áhersla á að nemendur þjálfist í að nota hugtök stærðfræðinnar í samræðum, ásamt því að vinna í bókum, nota hlutbundin gögn, fara í stærðfræðileiki.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Frammistaða í kennslustund. Könnun á þeim þáttum sem unnið er með, sprota próf, gátlistar, símat, umæður.

GF stærðfræði 2. bekkur - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.
- Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.

GF stærðfræði 2. bekkur - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.
- Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.

GF stærðfræði 2. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnleiðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.
- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
- Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.

GF stærðfræði 2. bekkur - Tölur og reikningur

- Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.

GF stærðfræði 2. bekkur - Algebra

- Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.

GF stærðfræði 2. bekkur - Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.
- Unnið með mælikvarða og lögum.

GF stærðfræði 2. bekkur - Tölfræði og líkindi

- Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.

- Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.